


ATHUGUN Á FLJÓTAÁ 1994

Tumi Tómasson

Hólum, ágúst 1994

VMST/N- 94011



Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild

Fiskeldi - Fiskrækt - Rannsóknir - Ráðgjöf

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 95-36599
Fax: 95-36672

ATHUGUN Á FLJÓTAÁ 1994.

INNANGANGUR.

Í síðustu viku mars eða fyrstu viku apríl 1994 var Stífluvatn, sem Fljótaá rennur úr, nær tóm. Því var tækifærið notað til að vinna við botnloka í stíflunni og lokinn tekinn úr. Við það barst mikil leðja niður farveg Fljótaár. Þótt aurinn hafi verið hreinsaður úr ánni eftir megni barst einnig mikið niður hana og niður í Miklavatn.

Veiðifélag Fljótaár, sem og Rafmagnsveitur ríkisins, höfðu áhyggjur af hvaða áhrif þessi atburður hefði haft á lífríki árinna og var Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar fengin til að meta það, en fiskifræðingur deildarinnar hefur áður athugað ána og seiðastofna hennar nokkrum sinnum, síðast í lok júlí 1993 (Tumi Tómasson, 1994).

ADFERÐIR.

Hinn 1. júlí 1994 var reynt að kanna ástand seiðastofna í ánni. Þá reyndist hins vegar vera svo mikil leysing í ánni að lítið var hægt að athafna sig. Rafveiðar voru þó reyndar við bakka á tveimur stöðum í aðalánni og einnig í vesturkvíslinni.

Aftur var farið í Fljótaá 26. júlí 1994. Þá var tiltölulega lítið vatn í ánni, og minna en oftast er á þessum tíma árs. Áin var ögn lituð af leysingum, en aðstæður til rafveiða voru þó með allra besta móti.

Alls var rafveitt á sex stöðum í ánni; í farveginum fyrir ofan efra stöðvarhúsið, við Bakkavað, í Vesturkvíslinni, fyrir neðan neðri rafstöðina, niður undir Molastöðum og niður undir Bjarnargili. Þetta eru sömu rafveiðistaðir og venjulega er veitt á, utan hvað ekki hefur áður verið veitt í landi Molastaða. Stærð veiðisvæðis var misstórt, minnst 180 m² í Vesturkvíslinni, en stærst 600 m² við Bakkavað.

Allur fiskur sem veiddist var greindur til tegundar og lengdarmældur. Að auki voru tekin sýni til aldurs- og vaxtargreiningar af hluta aflans. Fæðuval seiða var kannað og dýralíf á steinum athugað á hverjum stað. Holdafar seiða var metið með sjónmati.

NIÐURSTÖÐUR.

Í þeim mjög takmörkuðu rafveiðum sem reyndar voru 1. júlí sást töluvert af laxaseiðum við bakka. Náttúruleg seiði voru mjög horuð, en einnig sáust mörg eldisgönguseiði. Þau litu vel út.

Helstu niðurstöður veiðanna 25. júlí 1994 eru teknar saman í Töflu 1 og niðurstöður rafveiða 27. júlí 1993 eru settar fram á sama hátt í Töflu 2 til samanburðar. Lengdardreifing veiddra seiða er sýnd á Myndum 1 og 2.

Fyrir framan efri rafstöð veiddist 1994 eitt 3+ laxaseiði. Botngrjótið var mjög sorfið og lítið líf á því að finna utan einstaka rykmýslirfur. Gott veður var þegar veitt var, hlýtt og stillt, en þó var nánast engin fluga. Laxaseiðið var fremur mjóslegið, og í maga þess fannst ánamaðkur og nokkrar yfirborðsflugur.

Bleikjurnar sem veiddust á efsta staðnum voru flestar fullorðnar og kynþroska, þrátt fyrir smæð sína. Þessar bleikjur eru komnar ofan úr Stífluvatni.

Við Bakkavað veiddust 2+ laxaseiði, en í mun minni þéttleika en 1+ seiðin árið 1993. Seiðin voru rýr og vöxtur þeirra lélegur. Þau voru nú mun smærri en jafngömul seiði voru á sama tíma árið áður (Töflur 1 og 2).

Bleikjur sem þarna veiddust voru flestar komnar ofan úr vatni, en 0+ og 1+ seiði fengust uppi í Torfdalslæknum. Engin slík seiði veiddust í meginánni.

Á botngrjóti fundust nokkrar bitmýslirfur, sem og í mörgum laxaseiðanna. Í bleikjunni var fyrst og fremst rykmý. Þótt holdafar seiða væri slæmt mátti þó merkja töluverðan bata frá því sem verið hafði tæpum mánuði fyrr.

Í Vesturkvíslinni veiddist einungis bleikja sem að stórum hluta er ættuð ofan úr Stífluvatni. Gott rennsli er nú í kvíslinni enda búið að gera ráðstafanir til að tryggja rennsli um hana.

Á veiðistaðnum fyrir neðan neðri rafstöðina voru laxaseiði ríkjandi, en þar veiddust þó einnig nokkrar bleikjur sem flestar voru komnar ofan úr vatni. Þarna var botninn einnig mjög sorfinn og stamur og seiðin almennt horuð. Holdafar þeirra var þó mjög misjafnt. Mest bar á 2+ og 3+ laxaseiðum, en þéttleiki þessara árganga hafði minnkað töluvert frá árinu 1993, og seiðin voru mjög smá miðað við aldur.

Um 1 km fyrir neðan neðri rafstöðina, í landi Molastaða, var þéttleiki seiða ekki mikill, en þar fengust þó þrír árgangar laxaseiða. Þau voru áberandi vænni en seiðin ofar í ánni, og miklum mun vænni en þau voru þegar veitt var þarna 1. júlí 1994. Þarna bar töluvert á 1+ laxaseiðum.

Við Bjarnargil veiddust aðallega 3+ og 1+ laxaseiði, en 2+ seiði fundust þar ekki, enda fannst sá árgangur vart þar í veiðunum 1993. Seiðin voru tiltölulega vel á sig komin og stærsta seiðið var að fara í göngubúning. Bleikjuseiðin sem þarna veiddust virtust vera af stofni árinna. Ekki veiddust bleikjur sem víst er að séu ofan úr vatni.

UMRÆÐA OG ÁLYKTANIR.

Fljótaá er alla jafna mjög frjósöm á og bitmý er þar einkennisdýr. Þegar steinar úr ánni eru skoðaðir eru þeir oftast iðandi af lífi. Þetta er undirstaðan að heilbrigðum stofnum laxa og bleikju í ánni. Þegar miklum aur og leðju var hleypt niður ána í byrjun apríl 1994 var þessu botndýralífi nánast eytt úr ánni, einkum ofan til. Vera má að seiði laxa og bleikju hafi einnig misfarist á þessum tíma, en þrátt fyrir það var sá seiðastofn sem eftir var of stór miðað við breytt og verri fæðuskilyrði. Seiðin sultu, þau horuðust og slíku ástandi fylgja mikil afföll. Þetta sést glögg á að verulega minna veiddist af

seiðum í ánni 26. júlí 1994 en árið áður, þrátt fyrir að skilyrði til seiðaveiða hafi verið með albesta móti.

Einnig hefur borist mikið af smárri kynproska vatnableikju og seiðum úr Stífluvatni niður í á. Þessi bleikja er ekki eftirsótt af stangveiðimönnum og hún keppir um pláss og fæðu við þann bleikjustofn sem er sameiginlegur Fljótaá og Miklavatni og sem veiðimenn sækjast eftir.

Í lok júlí, um 4 mánuðum eftir að áin fylltist af botnleðju úr Stífluvatni, virðist áin að mestu leiti hafa hreinsast af leðjunni og farin eru að sjást batamerki á lágdýralífi og seiðastofnum árinna, einkum þegar neðar dregur. Ég á von á að strax á næsta sumri verði töluverð fluga á ný við Fljótaá.

Það er næsta víst að framburður botnleðjunnar úr Stífluvatni mun verða til þess að draga úr fiskgengd í Fljótaá á næstu árum, miðað við það sem ella hefði orðið. Það er þó ómögulegt að gefa upp nákvæmar tölur í því sambandi og jafnframt er enn ekki hægt að gera sér grein fyrir afdrifum þess laxaseiðaárangs sem klekjast á út sumarið 1994. Hér verður þó reynt að leggja mat á þessa þætti eins og kostur er.

Sé lítið á laxveiði í Fljótaá, þá eru til skýrslur um veiði frá 31 ári síðan 1958 (Tafla 3). Líta má á þessar tölur sem lágmark og ekki er ólíklegt að um eitthvert vanmat sé að ræða, einkum á fyrri hluta þessa tímabils. Meðalveiði samkvæmt þessum tölum er 130 laxar á ári, en meðalveiði fyrir 1989, þ.e. áður en starfsemi Miklalax hf. fór að hafa áhrif á veiðina, er 104 laxar á ári. Á árunum 1989-93 var meðalveiðin 266 laxar.

Í rafveiðum 1993 fannst óvenjumikið magn 2+ seiða (Tumi Tómasson 1994, Tafla 2), og voru þessi seiði sérlega væn. Allt benti því til að gönguseiðaframleiðsla árinna sumarið 1994 yrði með besta móti. Þegar seiði ganga út eru þau mjög frek á fóður vegna þeirra hormónabreytinga sem eiga sér stað þegar seiði ná gönguþroska. Niðurstöður rafveiðanna 1994 benda til að stór hluti þessa árgangs hafi ekki gengið til sjávar og hann hafi orðið fyrir töluverðum afföllum.

Útbreiðsla 1+ seiða í rafveiðunum 1993 var fremur takmörkuð og lítið fannst af þessum seiðum neðan til í ánni. Meira fannst framan til, en þar hafa orðið veruleg afföll. Jafnframt hefur dregið svo úr vexti þessara seiða að ekki er útlit fyrir að þau nái gönguþroska fyrr en sumarið 1996.

Klakárgangurinn frá 1993 sást ekki í rafveiðunum fyrr en í júlí 1994 og finnast þau seiði einungis neðst á þeim kafla árinna sem getur framfleytt laxaseiðum. Það er líklegt að seiði ofar í ánni hafi misfarist í vor og vöxtur þessara seiða hefur einnig verið óeðlilega hægur. Þar á kalt árferði í ánni líka einhvern þátt, en mjög kalt árferði 1993 gerir samanburð við ástandið þá nokkuð raunhæfan. Þá voru 1+ seiði að meðaltali 5.8 cm en jafngömul seiði ári síðar hins vegar einungis 4.6 cm. Það verður síðan að koma í ljós síðar hver þróun þessa árgangs verður, en rétt væri að gera ráðstafanir til að geta sleppt vænum sumaröldum seiðum í ána sumarið 1995 ef ástæða þykir til þá.

Þau laxaseiði sem klekjast eiga út sumarið 1994 gætu hafa misfarist vegna köfnunar í vor, en það er þó enn of snemmt að segja fyrir um afdrif þeirra. Þó bendir dreifing vorgamalla bleikjuseiða í ánni í lok júlí 1994 til að klakið hafi átt erfitt uppdráttar í sumar, einkum ofan til í ánni.

Skýrslur um bleikjuveiði í Fljótaá eru af mjög skornum skammti (Tafla 3), og einnig er erfiðara að gera sér grein fyrir áhrifum aurburðarins á bleikjugengd. Bleikjan hefur mjög mikla aðlögunarhæfileika og þolir breytingar í umhverfispáttum mun betur en laxinn. Mér þykir líklegt að bleikjan sem kom framan úr Stífluvatni muni hverfa úr kerfinu, en þangað til veldur hún einhverjum skaða. Jafnframt hafa orðið einhver afföll í tveim seiðaárgöngum bleikjunnar.

Hvaða bætur séu eðlilegar fyrir það tjón sem orðið hefur er í raun samkomulagsatriði. Ég tel eðlilegast að bætur komi í formi fiskræktaraðgerða og þá einkum gönguseiðasleppinga næstu sumur. Jafnframt þarf að gera ráðstafanir til að atburðir sem þessi hendi ekki aftur og að koma á samvinnu milli Veiðifélagsins og Rafmagnsveitunnar um að taka eins og kostur er mið af hagsmunum sem tengjast veiðihlunnindum í rekstri rafstöðvanna í Fljótaá.

HEIMILDIR:

Tumi Tómasson 1994. Athuganir á seiðastofnum Fljótaár. Rafveiðar 1983, 1986, 1989, 1990 og 1993. Skýrsla Veiðimálastofnun, VMST/N-94010

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxa- og bleikjuseiða á 100 m² í Fljótaá 25. júlí 1994. Einnig er gefin upp meðallengd veiddra seiða í cm.

Staður	Stærð	Lax			Bleikja			
		1+	2+	3+	0+	1+	2+	eldri
Efst	60x6	0.0	0.0	0.3	0.0	0.0	0.3	1.4
meðallengd		-	-	11.3	-	-	9.3	15.4
Vesturkvísl	45x4	0.0	0.0	0.0	0.0	1.7	3.3	3.6
meðallengd		-	-	-	-	5.9	8.7	14.1
Bakkavað	60x10	0.0	1.3	0.2	0.7	0.7	0.5	0.8
meðallengd		-	8.1	10.6	3.9	6.3	8.5	17.0
Neðri virkjun	30x10	0.3	6.0	4.7	0.0	0.7	0.0	1.0
meðallengd		4.1	6.4	9.2	-	6.2	-	11.5
Molastaðir	40x12	3.7	3.1	1.4	0.2	0.8	0.0	0.0
meðallengd		4.4	7.5	11.1	3.0	6.6	-	-
Bjarnargil	40x12	1.5	0.0	1.2	0.6	3.1	0.0	0.0
meðallengd		5.1	-	11.2	3.1	7.1	-	-


Tafla 2. Fjöldi veiddra laxa- og bleikjuseiða á 100 m² í Fljótaá 27. júlí 1993. Einnig er gefin upp meðallengd veiddra seiða í cm. Sýnt hér til samanburðar.

Staður	Stærð	Lax			Bleikja			
		1+	2+	3+	0+	1+	2+	eldri
Efst	60x6	0.0	8.3	0.6	0.0	3.7	3.7	0.0
meðallengd		-	9.3	12.4	-	7.6	10.5	-
Vesturkvísl	45x4	0.0	1.0	0.0	4.5	5.5	1.5	0.5
meðallengd		-	9.2	-	3.7	8.1	10.9	16.7
Bakkavað	60x10	4.2	0.8	0.0	6.1	9.2	0.0	0.3
meðallengd		6.1	9.6	-	3.7	7.4	-	15.0
Neðri virkjun	30x10	3.2	7.2	0.2	0.5	0.5	0.2	0.0
meðallengd		5.4	9.2	12.6	3.3	7.5	12.8	-
Bjarnargil	40x12	0.2	5.7	0.0	3.2	2.0	0.0	0.0
meðallengd		5.4	10.0	-	3.8	7.6	-	-

Tafla 3.


Skráð veiði í Fljótaá samkvæmt skýrslum til Veiðimálastofnunar.

Ár	Smálax	Stórlax	Samtals	Bleikja
1958			200	
1959			139	
1960	127	30	157	
1961	73	42	115	
....				
1964	18	31	49	
1965	35	39	74	
....				
1969	38	26	64	
1970	77	61	138	43
1971	59	67	126	68
1972	91	75	166	376
1973	136	88	224	68
1974	53	151	204	416
1975	108	81	189	1400
1976	100	73	173	2120
1977	164	105	269	698
1978	128	188	316	668
1979	89	93	183	539
1980	9	152	161	
1981	71	54	125	4145
1982	23	42	65	
1983	44	16	60	2610
1984	6	62	68	
1985	60	21	81	
1986	99	51	150	
1987	44	68	112	
1988	68	25	93	
1989	263	60	323	
1990	157	231	388	
1991	88	47	135	
1992	167	115	282	
1993	116	87	203	




Mynd 1. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxa- og bleikjuseiða í Fljótaá í rafveiðum 26. júlí 1994.

Fjöldi LAX 25/7 1993



Fjöldi BLEIKJA 25/7 1993



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxa- og bleikjuseiða í Fljótaá í rafveiðum 25. júlí 1993. Sýnt hér til samanburðar.